

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/668**

2024/EES/11/56

frá 24. apríl 2015

**um breytingu á viðurkenningu tiltekinna stofnana í samræmi við 16. gr.
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009***(tilkynnt með númeri C(2015) 2595) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 4. gr. og 16. gr.*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 verður framkvæmdastjórnin að sannprófa að handhafi viðurkenningarinnar, sem veitt er í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og c-lið 2. gr. þeirrar reglugerðar, sé viðkomandi lögaðili innan stofnunarinnar sem ákvæði þeirrar reglugerðar gilda um. Ef sú er ekki raunin verður framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um að breyta þeirri viðurkenningu.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/421/EB ⁽²⁾ er vísað til þeirra stofnana sem aðildarríkin hafa viðurkennt í samræmi við tilskipun ráðsins 94/57/EB ⁽³⁾ með því að kveða á um að aðalframkvæmdastjóri orku- og flutningamála skuli birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* uppfærða skrá yfir þær stofnanir sem viðurkenndar eru í samræmi við tilskipun 94/57/EB eigi síðar en 1. júlí ár hvert.
- 3) Nýjasta skráin yfir stofnanir, sem viðurkenndar eru á grundvelli tilskipunar 94/57/EB, var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽⁴⁾ árið 2007.
- 4) Flokkunarfélögin „Lloyds Register of Shipping (LR), Korean Register of Shipping (KR), Nippon Kaiji Kyokai (NK) og Registro Italiano Navale (RINA)“ voru öll viðurkennd í samræmi við tilskipun 94/57/EB.
- 5) Í samræmi við 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 héldu stofnanirnar, sem höfðu þegar hlotið viðurkenningu 17. júní 2009 í samræmi við tilskipun 94/57/EB, viðurkenningu sinni.
- 6) Að því er varðar flokkunarfélagið „Korean Register of Shipping (KR)“ þá hefur hlutaðeigandi móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, fengið nýtt heiti „KR (Korean Register)“.
- 7) Að því er varðar flokkunarfélagið „Nippon Kaiji Kyokai (NK)“ þá hefur hlutaðeigandi móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, breytt réttarstöðu sinni, samkvæmt japönskum lögum, úr „Foundation“ í „General Incorporated Foundation“. Fullt heiti stofnunarinnar, sem ætti að öðlast viðurkenningu, er því „Nippon Kaiji Kyokai General Incorporated Foundation (ClassNK)“.
- 8) Að því er varðar flokkunarfélagið „Lloyd’s Register of Shipping (LR)“ þá breyttist upprunalegt heiti viðurkenndu stofnunarinnar fyrst í Lloyd’s Register og síðar í Lloyd’s Register Group Limited í kjölfar þess að fyrirtækið breyttist úr því að vera félag, sem stofnað var samkvæmt bresku lögnum „Industrial & Provident Societies Act“ frá 1965, með áorðnum breytingum, í að vera fyrirtæki sem stofnað er samkvæmt bresku lögnum „Companies Act“ frá 2006. Fullt heiti stofnunarinnar, sem ætti að öðlast viðurkenningu, er því „Lloyd’s Register Group LTD (LR)“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/421/EB frá 14. júní 2007 um niðurfellingu á ákvörðun 96/587/EB um birtingu skrár yfir stofnanir sem aðildarríkin hafa tilkynnt í samræmi við tilskipun ráðsins 94/57/EB (Stjtið. ESB L 157, 19.6.2007, bls. 18).

(3) Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20).

(4) Stjtið. ESB C 135, 19.6.2007, bls. 4.

- 9) Að því er varðar flokkunarfélagið „Registro Italiano Navale (RINA)“ hefur öll starfsemi, sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 391/2009, verið flutt yfir til RINA S.p.A, sem er dótturfyrirtæki að fullu í eigu RINA, og síðan yfir til RINA Services S.p.A, sem er dótturfyrirtæki að fullu í eigu RINA S.p.A. RINA Services S.p.A. er því hlutaðeigandi móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, og ætti að öðlast viðurkenningu.
- 10) Framangreindar breytingar á hlutaðeigandi móðurfélögum eininga hafa ekki áhrif á getu hlutaðeigandi stofnana til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 391/2009.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Handhafi viðurkenningarinnar, sem var áður veitt flokkunarfélaginu „Korean Register of Shipping (KR)“, skal vera, frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar, flokkunarfélagið „KR (Korean Register)“ en það er móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

2. gr.

Handhafi viðurkenningarinnar, sem var áður veitt flokkunarfélaginu „Lloyd's Register of Shipping (LR)“, skal vera, frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar, flokkunarfélagið „Lloyd's Register Group LTD (LR)“ en það er móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

3. gr.

Handhafi viðurkenningarinnar, sem var áður veitt flokkunarfélaginu „Nippon Kaiji Kyokai (NK)“, skal vera, frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar, flokkunarfélagið „Nippon Kaiji Kyokai General Incorporated Foundation (ClassNK)“ en það er móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

4. gr.

Handhafi viðurkenningarinnar, sem var áður veitt flokkunarfélaginu „Registro Italiano Navale (RINA)“, skal vera, frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar, flokkunarfélagið „RINA Services S.p.A.“ en það er móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (Stjtið EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).